

**Sp.**

**708. Frumvarp**

til laga um sildarmat.

(Eftir eina umr. í Nd.).

**1. gr.**

Öll sild, sem ætluð er til útflutnings, hvort heldur hún er söltuð, krydduð, sykursöltuð eða á annan hátt verkuð, og flutt er út í lagarheldum tunnum, skal vera matsskyld til útflutnings, þegar hún hefir legið 20 daga eða lengur í salti, og skal mat fara fram á henni þegar hún er flutt á skipsfjöl. Matið framkvæma opinberir matsmenn. Skulu þeir banna útflutning á þeirri sild, sem að þeirra dómi er óhæf verzlunarvara.

Undanskilin mati þessu skal þó sild, sem flutt er út í dósum eða smáílátum, bituð eða sérstaklega meðfarin.

Nú er óskað mats á nýveiddri sild, eða ágreiningur ris milli kaupanda og seljanda um gæði vörunnar, og skal matsmönnum þá skylt að meta eða skera úr.

## 2. gr.

Yfirsildarmatsmaður skal skipaður af atvinnumálaráðherra, eftir tillögum sildarsaltenda og sildarútflytjenda.

Hefir hann umsjón með sildarmati á öllu landinu og skal hann hafa að árslaunum 4000 krónur, er greiðast úr rikissjóði. Auk þess skal honum greiddur nauðsynlegur símakostnaður, ferðakostnaður og fæðispeningar á eftirlitsferðum hans um landið, eftir reikningi, sem atvinnumálaráðherra úrskurðar.

Undirmatsmenn skulu skipaðir af lögreglustjóra í hverri veiðistöð, eins margir og nauðsyn krefur, eftir tillögum yfirmatsmanns.

Atvinnumálaráðherra setur yfirmatsmanni og undirmatsmönnum erindisbréf, en yfirmatsmaður ákveður starfssvið hvers þeirra, og skulu þeir hlýða fyrirskipunum hans í hvívetna.

Kaup undirmatsmanna ákveður yfirmatsmaður, og greiðist það af sildar eiganda eða umboðsmanni hans.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýðnast ákvæðum þeim, er sett verða um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

Yfirsildarmatsmaður felur einhverjum undirmanna sinna að gegna yfirmatsstarfi í umboði sínu á hverri útflutningshöfn, þegar hann er fjarverandi.

## 3. gr.

Yfirsildarmatsmaður skal ferðast um á milli staða þeirra, þar sem sild er söltuð, og hafa eftirlit með og leiðbeina um mat sildar og meðferð alla, svo og veita undirmatsmönnum fræðslu í starfi þeirra. Skal hann, ef þörf gerist og atvinnumálaráðherra samþykkir, ferðast til sildarneyzlulandanna, til þess að afla sér þekkingar um meðferð á sild og vörugæði hennar. Kostnaður við slíkar ferðir yfirmatsmanns greiðist úr rikissjóði.

Yfirsildarmatsmaður og undirmatsmennirnir í umboði hans hafa úrskurðarvald um söltunarhæfi sildar og um vörugæði hennar. Skal kaupanda og seljanda skylt að hlíta úrskurði þeirra, ef á milli ber. Úrskurðum þeirra má þó skjóta til dómstólanna. Ef svo reynist, að úrskurður sildarmatsmanns hafi verið rangur eða hlutdrægur, og hann hafi á þann hátt bakað öðrum tjón, skal honum þegar vikið frá starfanum og hann látinn sæta ábyrgð og bæta þeim, er fyrir tjóni varð.

## 4. gr.

Alla sild, sem söltuð er til útflutnings, skal flokka eftir gæðum. Flokkunina skal framkvæma samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur.

Undir sild, sem ætluð er til útflutnings, má einungis nota hreinar og ógallaðar tunnur, enda séu þær úr góðu efni og vel smíðaðar. Getur matsmaður bannað útflutning á sild í þeim tunnnum, sem hann telur til þess óhæfar. Gamlar eða notaðar sildartunnur má ekki flytja til landsins til notkunar undir sild til útflutnings, nema með samþykki atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum yfirsildarmatsmanns.

Sildartunnur skulu jafnan geymdar á góðum stað og á svo góðum undirlögum, að þær liggi hvergi við jörð eða í bleytu. Skulu matsmenn gæta þess vel, að tunnurnar séu vel hreinar, þá er þær eru fluttar út. Yfirsildarmatsmaður getur ákveðið, hvaða salttegundir megi nota í sild til útflutnings, og hversu mikið það skuli vera minnst í tunnu hverja.

#### 5. gr.

Þegar sild hefir legið 20 daga eða lengur eftir söltun og skal flytjast út, skal eigandi eða umráðamaður hennar tilkynna það yfirmatsmanni svo tímalega, að hann geti látið fara fram skoðun á sildinni áður en hún er flutt í skip. Matið framkvæma undirmatsmennirnir eftir fyrirmælum yfirmatsmannsins, og skal, ef eigi finnast skemmdir, teljast nægilegt að rannsaka 4—6 tunnur af hundraði, en ef skemmda verður vart, skal rannsaka nánar eftir fyrirmælum yfirmatsmanns. Banna skal útflutning á þeirri sild, sem að dómi matsmanna er óhæf verzlunarvara.

Nú er sild, söltuð eða á annan hátt verkuð, eigi orðin 20 daga gömul þegar hún er flutt út, og er þá eigi skylt að meta hana til útflutnings. En hafi sild verið metin ný, og sé hún flutt út áður en 20 dagar eru liðnir frá söltun hennar, skal um þá sild votta, að hún sé metin ný, en ásigkomulag vörunnar eigi vottað að öðru leyti.

#### 6. gr.

Allri sild, sem matsskyld er, sbr. 1. gr., og send er héðan á erlendan markað, skal fylgja matsvottorð yfirsildarmatsmanns eða þess matsmanns, er hann hefir gefið umboð til að gefa út slíkt vottorð, ef hann einhverra orsaka vegna getur ekki verið viðstaddur þegar vottorð þarf að gefa. Matsvottorð þetta skal rita á farmskirteini þau, er fylgja hverri sildarsendingu. Í vottorðinu skal fram tekið um gæði sildarinnar, hve margar tunnur af hundraði hafi verið rannsakaðar og vegnar, hver sé meðalþyngd í tunnu og hver sé meðaltala sílda í tunnu. Skal í vottorðum þessum leitast við að gefa kaupandanum sem bezta tryggingu fyrir ásigkomulagi sildarinnar, eins og hún er, þegar henni er skipað út. Í vottorðinu skal einnig tekið fram, að ferming skipsins hafi farið fram undir eftirliti matsmanns, enda getur hann stöðvað fermingu, ef ekki er í hvivetna farið eftir fyrirskipunum hans um umbúnað og frágang sildarinnar í skipinu. Yfirsildarmatsmaðurinn semur fyrirmynd að farmskirteini með árituðu matsvottorði, sem atvinnuáráðuneytið síðan lætur prenta, og skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra sjá um það, að farmskirteini yfir metna sild séu rituð á þessi eyðublöð, og votti þeir undirskrift matsmanna á farmskirteinunum.

#### 7. gr.

Alla matsskylda sild, sem út er flutt, skal merkja með lögskipuðu merki, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Skal það málað á efri botn hvernar tunnu.

Ennfremur skal setja í þar til gerða reiti söltunardag, merki, er tilgreini veiðiaðferð, gæðamerki og flokkunarkerki sildar eftir stærð, sbr. 4. gr. Enn-

fremur neðan undir merkjunum einkennisstafi þess, er síldina verkar, og útflytjenda hennar.

8. gr.

Þeir, sem verka síld til útflutnings, skulu í lok hvernar viku tilkynna yfirmatsmanni í umdæminu tölu þeirra tunna, er þeir hafa verkað, og á hvern hátt síldin er verkuð.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 kr. sektum, er renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.